

## Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 12. maí 2011 - Fundargerð -

Fundurinn var haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit fimmtudaginn 12. maí 2011 og hófst klukkan 14:00. Á fundinn mættu 70 fulltrúar aðildarféлага, 6 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 10 almennir sjóðfélagar og gestir. Formaður stjórnar, Sigurður Jóhannesson, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Aðalstein Árna Baldursson sem fundarstjóra og Guðmund Baldvin Guðmundsson sem fundarritara og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðun. Ekki komu fram athugasemdir og var fundurinn úrskurðaður lögmætur.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

### Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar, Sigurður Jóhannesson, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2010. Í skýrslu hans kom fram að árið 2010 hefði verið þökkalegt rekstrarár fyrir sjóðinn, eftir nokkur erfið ár, enda afleiðingar efnahagshrunsins að mestu komin fram. Eina stóra óvissan sem eftir er og tengist hruninu er uppgjör afleiðusamninga við föllnu bankana. Samningarnir eru metnir með sömu aðferðum og áður í bókum sjóðsins, en ekki hefur náðst samkomulag um uppgjör þeirra, þrátt fyrir veruleg fundahöld með bönkunum. Virðist því orðið nokkuð ljóst að ekki verði úr þessu ágreiningsmáli skorið nema fyrir dómstólum.

Fram kom í máli hans ákvörðun síðasta ársfundar um að halda réttindum óbreyttum eða lækka þau til jafns við verðlagshækkunar þar til raunlækkun hefði náð 5% hefði ekki fengið samþykki Fjármálaráðuneytis. Þetta hafi leitt til þess að ekki voru gerðar breytingar á lífeyri hjá sjóðnum eftir síðasta ársfund og því liggja fyrir fundinum nú að taka á þessu. Tryggingafræðileg staða sjóðsins væri neikvæð um 11,7% og það væri mat stjórnar sjóðsins að óheppilegt væri að gera ekkert til að rétta af svo mikinn halla. Tillaga stjórnar væri því að réttindi yrðu færð niður um 6% og framtíðarávinnsla verði sett í jafnvægi.

Hann greindi frá því að mikil vinna hefði farið fram hjá sjóðnum í að skerpa áherslu í áhættustýringu, endurskoðun á innri reglum og verkferlum. Þá hefðu fjölmargir starfshópar verið settir af stað af hálfu Landsamtaka lífeyrissjóða í kjölfar hrunsins til að skoða ýmsa þætti í starfsemi sjóðanna og koma með tillögur um það sem betur mætti fara. Þá greindi hann frá því að Landssamtök lífeyrissjóða hefðu skipað óháða nefnd til að gera úttekt á starfsemi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Niðurstöðu nefndarinnar væri að vænta nú um mitt ár.

Hann ræddi um rekstrarkostnað íslenskra lífeyrissjóða. Í því efni virðast menn oft á tíðum ekki átta sig á stærð íslensku lífeyrissjóðanna né hafa eðlilegan samanburð. Í alþjóðlegum samanburði kemur íslenska kerfið vel út og er, ásamt því danska, með lægsta rekstrarkostnað lífeyrissjóða á Vesturlöndum. Raunar má fremur spyrja hvort ekki þurfi að auka áherslu á áhættustýringu og bæta við sig sérfræðipekkingu á því sviði hjá sjóðunum. Slíkt mun þó óhjákvæmilega auka rekstrarkostnað þeirra.

Í byrjun desember var skrifað undir viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna milli stjórnvalda, fjármálaþyrntækja og lífeyrissjóða. Landsamtök lífeyrissjóða undirrituðu þessa viljayfirlýsingu með fyrirvara um samþykki aðildarsjóða. Í viljayfirlýsinguinni er að finna úrræði fyrir skuldug heimili, sem sjóðurinn féllst á að vera aðili að. Þar er einnig að finna ákvæði um fjármögnun vaxtabótakerfis og félagslegs úrræðis í húsnæðismálum, sem efasemdir eru um að standist ákvæði laga um lífeyrissjóði. Því treysti stjórn sjóðsins sér ekki til að staðfesta ákvæði viljayfirlýsingarinnar í heild sinni.

Hann ræddi kröfulýsingu sjóðsins á hendur Straumi-Burðarási. Mikilið starf var lagt í að reyna að fá kröfuna samþykkt af öðrum kröfuhöfum, í tæka tíð, áður en til nauðasamninga kæmi. Var bæði innlend og erlend lögmannstofa fengin til þessa verks. Allur kostnaður af verkinu greiddist af lögmannstofu þeirri er gerði mistökin. Vel gekk að afla samþykkis meðal íslenskra kröfuhafa, en útlendingarnir voru erfiðari. Þó virtist um tíma vera líklegt að samþykki tilskilins meirihluta fengist, en eftir að viðskipti hófust með kröfurnar fóru þeir möguleikar forgörðum. Var þá hafist handa við

að undirbúa dómsmál og var Garðar Garðarsson hrl. fenginn til að flytja málið fyrir sjóðinn. Ekki er ljóst hvenær niðurstaða dómstóla fæst, en vonast er til þess að það verði á árinu 2011.

Fram kom að á árinu uppgötvaðist villa í uppgjöri milli Trygginga- og Séreignardeildar. Villan uppgötvaðist þegar í ljós kom að eignir Séreignardeildar námu hærri fjárhæðum en samanlagðar eignir réttthafanna í deildinni. Ekki var vitað til þess að hugbúnaðarkerfin sem halda utan um þessar eignir og réttindi leyfðu slíkan mismun. Í kjölfarið var kannað hvernig þetta var til komið og í ljós kom að hér er um villu að ræða sem á rætur að rekja aftur til árána 2003 og 2004 en á þeim tíma var vinnslunni að hluta til úthýst. Frá 2005 hefur sjóðurinn alfarið séð um alla vinnslu sjálfur og uppgjörs aðferðum verið breytt, sem koma í veg fyrir að villur sem þessar geti komið upp. Villan hefur ekki áhrif á eignir réttthafa í Séreignardeild eða réttindi sjóðfélaga í Tryggingadeild. Gerð var leiðrétting á upphafsstöðu deildanna á árinu vegna þessa og hefur samanburðartölum fyrra árs verið breytt til samræmis, en stærstur hluti munarins er vegna ávöxtunar á "inneign" Tryggingadeildar hjá Séreignardeild á þessu tímabili.

Rekstrarkostnaður Stapa lífeyrissjóðs jókst nokkuð á árinu. Að mestu má rekja það til þess að endurgreiðslur sjóðsins á iðgjöldum til útlendinga í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi lauk á árinu 2009, en af þessu hafði sjóðurinn nokkrar þóknatekjur. Engar slíkar tekjur eru inni í rekstri ársins 2010. Þá jókst kostnaður við sérfræðipjónustu nokkuð, sem rekja má til afleiðinga hrunsins. Eins og áður er þó rekstrarkostnaður sjóðsins með því lægsta sem þekktist meðal íslenskra lífeyrissjóða.

Reglur um sérstaka útborgun úr séreignarsjóðum, vegna afleiðinga bankahrunsins, voru framlengdar á árinu og sú fjárhæð, sem heimilt var að taka út hækkuð. Þetta hafði talsverð áhrif á starfsemi Séreignardeildar, en þó nokkur fjöldi réttthafa nýtti sér þessi úrræði. Tími til að sækja um þessa sérstöku úttekt rann út í lok mars 2011, en greiðslur vegna slíkra umsókna munu halda áfram fram á árið 2012.

Á árinu opnaði sjóðurinn enska útgáfu af heimasíðu sjóðsins og inniheldur hún flest það sem er á íslensku síðunni. Með þessu móti vill sjóðurinn bæta þjónustu við erlenda sjóðfélaga og auðvelda þeim að afla upplýsinga um sjóðinn og hafa við hann samskipti. Hafa viðbrögð við síðunni verið mjög góð.

Stjórn sjóðsins ákvað að bjóða út endurskoðun hjá sjóðnum á síðasta ári, en kostnaður vegna endurskoðunar hefur vaxið mikið undanfarin ár. Jafnframt var ákveðið að innri og ytri endurskoðun skyldi ekki lengur vera á hendi sömu endurskoðunarskrifstofu eins og verið hafði. Útboðið var vel heppnað og mun skila sér í mun lægri endurskoðunarkostnaði á næstu árum.

Í samræmi við þetta komu nýir endurskoðendur að endurskoðun og uppgjöri sjóðsins vegna ársins 2010. Ytri endurskoðendur eru Deolitte og KPMG fer með innri endurskoðun. Það er mat ytri endurskoðenda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins og stöðu hans miðað við árslok 2010. Að þeirra áliti er mat sjóðsins á eignum sem óvissa ríkir um varfærið og mat á óuppgerðum afleiðusamningum með sambærilegum hætti og hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þeir benda þó á að mikil óvissa ríki um endanlegt uppgjör afleiðusamninganna, sem geti haft áhrif á stöðu sjóðsins. Niðurstaða innri endurskoðenda var að innra eftirlit sjóðsins væri með ágætum. Helstu athugasemdir þeirra voru að skýra þyrfti betur og takmarka aðgang starfsmanna að upplýsingakerfum sjóðsins þannig að aðgangur félli betur að verksviði viðkomandi starfsmanns. Við þessu hefur verið brugðist.

Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum svo og stjórnarmönnum gott samstarf á liðnu starfsári. Sömu þakkir færði hann lífeyrisþegum, sjóðfélagum og launagreiðendum sjóðsins.

#### Ársreikningur og tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri, Kári Arnór Kárason, kynnti ársreikning sjóðsins 2010. Hann fór yfir áritun endurskoðanda og gerði grein fyrir ársreikningnum. Helstu tölur í ársreikningi voru eftirfarandi: (í millj. króna)

	2010	2009
Iðgöld	5.509,0	5.121,5
Lífeyrir	(3.298,1)	(3.082,5)
Fjárfestingatekjur	6.678,4	2648,1
Fjárfestingagjöld	(57,9)	(50,4)
Rekstrargjöld	(113,3)	(76,9)
Hækkun á hreinni eign	8.718,1	4.559,5
Hrein eign frá fyrra ári	100.303,1	95.743,6
Hrein eign í árslok	109.021,2	100.303,1

	2010	2009
Fasteignir	67,2	68,8
Verðbréf með br. tekjum	34.991,3	40.132,9
Verðbréf með f. tekjum	70.993,8	51.749,6
Veðlán	1.100,0	1.172,3
Bankainnistæður	3.231,3	2.321,7
Kröfur	1.363,8	703,3

Aðrar eignir	3.371,5	9.873,6
Skuldir	( 6.058,0)	(5.722,4)
Hrein eign í árslok	109.021,2	100.303,1

Kári Arnór fór yfir yfir þær breytingar sem orðið hafa á iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en raunbreyting iðgjalda til tryggingadeildar hækkuðu um 230 milljónir króna frá fyrra ári. Hann fór yfir þróun iðgjalda en iðgjaldagreiðslur lækkuðu á árinu 2008 sem skýrist að mestu á verklokum á stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Frá þeim tíma hafa iðgjöld farið hækkandi. Hann sýndi þá þróun sem orðið hefur á atvinnugreinaskiptingu iðgjalda á síðustu fjórum árum en á sama tíma og bygginga- og mannvirkjagerð hefur lækkað mjög mikið hefur vægi sjávarútvegs og opinberrar þjónustu aukist. Fram kom í máli hans að Akureyrarbær er stærsti launagreiðandi til sjóðsins en þar á eftir kemur Vinnuálastofun sem lýsir vel því atvinnuástandi sem er í þjóðfélaginu. Þá gerði hann að umtalsefni aldur iðgjaldagreiðenda en sjóðurinn er ungur þ.e. stór hluti sjóðfélaga er á aldrinum 21-40 ára. Hann fór yfir þróun lífeyrisgreiðslna og hlutfallslega skiptingu lífeyrisgreiðslna en vægi ellilífeyris hefur aukist frá fyrra ári og er tæplega 65% af heildarlífeyrisgreiðslum. Þetta hlutfall mun væntanlega aukast jafnt og þétt á næstu árum. Fram kom að lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar jukust um 245 milljónir króna milli ára.

Hann fór yfir samanburð á fjárfestingartekjum síðustu ára, þróun heildarkostnaðar sjóðsins og skiptingu heildarkostnaðar.

Hann fór yfir eignsamsetningu sjóðsins en nokkur breyting hefur orðið á samsetningunni milli ára. Vægi ríkisverðbréfa hefur vaxið mikið og farið úr 35% í 52% af eignum sjóðsins og á sama tíma hefur hlutfall bankainnstæðna og skammtímabréfa lækkað úr 14,9% í 4,8% af heildareignum.

Kári Arnór fór yfir tryggingafræðilega athugun en tryggingafræðingur sjóðsins Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur átti ekki heimangengt. Hann rakti þá breytingu sem varð á tryggingafræðilegri stöðu en tryggingafræðileg afkoma var neikvæð um 3.013,7 milljónir króna. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð í árslok um 24.158,7 milljónir króna eða um 11,7%. Hann greindi frá því að staðan væri innan leyfilegra marka skv. lögum en það væri mat bæði stjórnar og tryggingastærðfræðings sjóðsins að óvarlegt væri að hafast ekkert að. Því lægi fyrir fundinum tillaga stjórnar um að færa áunnin réttindi niður um 6% og að lækka ávinnslutöflu um 2,5%. Þessi breyting myndi að öðru óbreyttu leiða til þess að tryggingafræðileg staða batnaði en yrði þó áfram neikvæð um 5,2%. Fram kom í máli Kára að lífeyrir hafi hækkað frá og með árinu 2008 um 30,1% á sama tíma og laun hafi hækkað um 16,4%. Að teknu tilliti til skerðingarinnar væri lífeyrir þó að hækka um 22,7% á þessu sama tímabili eða nokkuð umfram laun. Þá fór hann yfir skerðingar hjá stærri lífeyrissjóðum landsins en flest allir lífeyrissjóðir hafa skert lífeyrir á s.l. tveimur árum og er skerðing Stapa nokkuð minni en flestra annarra sjóða að undanskildum tveimur sjóðum sem ekki hafa skert réttindi.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Snæbjörn Sigurðsson spurðist fyrir um sameiningu lífeyrissjóða og hvort einhver áform væru uppi hjá stjórn um frekari sameiningar og hvort sjóðirnir væru ekki of margir. Kári Arnór svaraði því að ekki væri verið að ræða sameiningu og ólíklegt að það yrði á meðan verið væri að hreinsa út afleiðingar efnahagshrunsins en búast mætti við því að slíkar hugmyndir kæmu upp þegar mál færu að skýrast betur.

Agnes Einarsdóttir spurðist fyrir um samkomulag það sem gert hefði verið um skuldaaflögun bæði einstaklinga og fyrirtækja og niðurfellingu skulda og hvort stjórn sjóðsins hefði heimild til slíkra samninga. Ennfremur hvort slíkir samningar hefðu áhrif á stöðu sjóðsins. Þá taldi hún að framsetning í skýrslu stjórnar á máli Straums væri villandi og til að blekkja sjóðfélaga. Kári Arnór svaraði fyrirspurnum Agnesar. Hann sagði að stjórnin hefði ekki treyst sér til að skrifa undir viljayfirlýsingu um skuldavanda heimila í heild sinni enda hefði hún ekki lagalegar heimildir og slík undirskrift væri ekki í þágu sjóðfélaga. Önnur úrræði sem stjórnin hefði þó tekið þátt hefði óveruleg áhrif á stöðu sjóðsins. Varðandi Straum-Burðarás þá áréttaði hann það sem fram kom í ársskýrslu að krafan væri færð 100% niður í bókum sjóðsins og ef dómssmál tapaðist kæmi ekki til frekari niðurskrifta en ef dómssmál ynnist þá myndi það bæta stöðu sjóðsins um 1-2%. Þetta kæmi skýrt fram í ársskýrslu sjóðsins og fráleitt að tala um að verið væri blekkja einhvern í þessu sambandi.

Að svo búnu var ársreikningur sjóðsins borinn fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Þá var gert kaffihlé.

### Fjárfestingarstefna

Jóna Finndís Jónsdóttir, sjóðstjóri, fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og rakti lauslega þær breytingar sem gerðar hefðu verið á áhættustýringu sjóðsins. Hún fór í gegn um fjárfestingarmarkmið sjóðsins sem eru fjögur: i) Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum ii) Ná a.m.k. 5% árleg raunávöxtun að meðaltali á hverju 5 ára tímabili iii) Ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfa grunn (viðmiðunarvísitölu) að meðaltali árlega á hverju 5 ára tímabili iv) Ná a.m.k. 0,5-1% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili. Þá fór hún yfir samanburð sjóðsins og annarra sjóða og rakti ennfremur þá aukningu sem orðið hefði á vægi tryggingaefna í kjölfar efnahagshrunsins.

### Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur til breytingar á samþykktum sjóðsins sem lagðar höfðu verið fyrir fundarmenn.

Um var að ræða 10 tillögur: 1) breyting á 16. grein samþykktanna en inn kemur ný grein 16.12 2) breytingar á aldursviðmiðum í grein 17.3 og 17.4 3) viðbótartexti við grein 18.5 4) ný grein 18.6 vegna 50% lífeyris og frestun á lífeyristöku 5) orðalagsbreyting á grein 20.6 6) orðalagsbreyting á grein 21.6 7) breyting á töflu I vegna 2,5% lækkunar á ávinnslu 8) ný tafla IV vegna frestunar á töku lífeyris 9) niðurfelling á viðauka B og viðauki C verði viðauki B 10) 6% lækkun áuninna réttinda og 2,5% lækkun á réttindaávinnslutöflu.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Heimir Kristinsson kom með fyrirspurn um hvort fresta mætti lækkun í ljósi nýgerðra kjarasamninga og loforða ríkisstjórnarinnar um að komið yrði til móts við lífeyrissjóðina vegna áfalla af efnahagshruninu. Þá gagnrýndi Gunnar Magnússon orðalag í tillögu 10. Kári Arnór svaraði fyrirspurn Heimis og sagði að tillögur um skerðingu hefðu verið gerðar fyrir kjarasamninga og vonandi myndu aðgerðir hins opinbera bæta stöðu sjóðsins í framtíð. Með batnandi stöðu væri að sjálfsögðu hægt að hækka réttindi á ný en það væri fundarins að taka afstöðu til tillögu stjórnar á þessum fundi. Varðandi orðalag á tillögu 10 þá skýrði Kári að það hefði verið metið svo að þessi framsetning væri einföldust, en vissulega hefði verið hægt að setja þetta fram með öðrum hætti. Varla væri þó misskilningur um hvað í tillögunni fælist.

Að því loknu bar fundarstjóri fram tillögu um að greinar 1-6 og 8-9 yrðu bornar upp í einu lagi og grein 7 og 10 sem snéru að breytingum á réttindum yrðu bornar upp saman. Ekki voru gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarins.

Því bar fundarstjóri upp breytingar 1-6 og grein 8 og 9 og voru þær samþykktar samhljóða. Þá bar hann upp grein 7 og 10 og voru þær samþykktar með miklum meirihluta.

### Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir reglum um kjör stjórnar en skv. þeim eiga launþegar að kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára á þessum ársfundi en vinnuveitendur einn. Samþykktir geri ráð fyrir að gert verði hlé á fundi meðan launþegar ráði ráðum sínum og var gert stutt kaffihlé.

Að kaffihléi loknu gerði fundarstjóri grein fyrir tilnefningu stjórnarmanna. Hann greindi frá því að Anna María Kristinsdóttir sem kjörin var af hálfu launagreiðenda á síðasta ársfundi hefði beðist lausnar af persónulegum ástæðum og því væri kjörinn einn stjórnarmaður af hálfu vinnuveitenda til eins árs.

Stjórnarmenn af hálfu launþega til næstu tveggja ára voru kjörnir:

Aðalmaður: Björn Snæbjörnsson Til vara: Gylfi Pálsson

Aðalmaður: Sigurður Hólm Freysson Til vara: Þorkell Kolbeins

Af hálfu vinnuveitenda til tveggja ára:

Aðalmaður: Guðrún Ingólfssdóttir Til vara: Gunnþór Ingvason

Til eins árs

Aðalmaður: Ágúst Torfi Hauksson Til vara: Helga S. Guðmundsdóttir

### Kosning endurskoðanda

Stjórnarformaður bar fram tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, Knút Þórhallsson og Ragnar Jóhann Jónsson sem endurskoðendur sjóðsins og var tillagan samþykkt samhljóða.

### Laun stjórnar

Lögð var fram tillaga um að stjórnarlaun yrðu óbreytt frá fyrra ári þ.e. kr. 42.750 á mánuði, formaður stjórnar fengi tvöfalda þá upphæð og varamaður kr. 21.375 fyrir setinn fund.

Agnes Einarsson gerði tillögu um að stjórnarlaun yrðu lækkuð til samræmis við lækkun á réttindum sjóðsins. Jafnframt kom fyrirspurn frá Stephen Róbert Johnson um vinnuframlag varamanna í stjórn. Fram kom í umræðum að stjórnarlaun hefðu lækkað um 10% á ársfundi 2009 og svo aftur um 5% á árinu 2010 og stjórnarformaður fór yfir vinnuframlag varamanna í stjórn.

Að því búnu var tillaga Agnesar um lækkun stjórnarlauna borin upp og var hún felld með meginþorra atkvæða. Því var tillaga stjórnar lögð fram og var hún samþykkt af meginþorra fundarmanna.

### Önnur mál

Fram kom svohljóðandi ályktun frá fulltrúum Framsýnar:

Ársfundur Stapa - lífeyrissjóðs, haldinn í Mývatnssveit 12. maí 2011, samþykkir að beina því til stjórnar sjóðsins að undirbúa og leggja fram á næsta ársfundi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, sem innifeli áskilnað um að stjórnarmenn Stapa séu virkir sjóðfélagar (virkir greiðendur eða lífeyrisþegar) og hámarkstími stjórnarsetu verði 8 ár (margir sjóðir hafa þegar tekið upp þessa reglu).

Nokkrar umræður urðu og fyrirspurnir úr sal um tillögu þessa auk þess sem Bragi Jóhannsson kvaddi sér hljóðs og gagnrýndi þessa tillögu. Taldi hann reynslu í stjórnarstörfum mikilvæga og því óeðlilegt að setja tímatakmörk eins og boðað væri í ályktuninni.

Að umræðum loknum var ályktunin borin upp og var hún felld.

Snæbjörn Sigurðsson kom með ábendingu til stjórnar um að ársfundir yrðu haldnir á laugardögum og þannig ættu sjóðfélagar betri tæk á að mæta á fundi.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að honum ásamt fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu ekki athugasemdir við það.

Að því búnu þakkaði hann fundarmönnum góðan fund, óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 17:15.

Fundarstjóri:  
Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson